

75
16. maí Skömmtunarskrifstofa ríkisins getur hvenær sem er, án dómsúrskurðar, látið rannsaka kaffibætisbirgðir framleiðenda og verzlana og hráefnabirgðir framleiðenda.

Þá getur ráðuneytið, eftir tillögum skömmtunarskrifstofunnar, lagt við allt að 100 króna dagsektir, ef hlutaðeigendur skila ekki á réttum tíma skýrslum þeim, sem fyrirskipaðar eru í þessari reglugerð.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, og skal farið með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

10. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað, og fellur þá jafnframt úr gildi reglugerð um skömmtun á kaffibæti, nr. 15 22. febr. 1944.

Viðskiptamálaráðuneytið, 16. maí 1944.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

76
19. maí Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Ellihlutasjóð sjómanna á Flateyri í Önundarfirði“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19. maí 1944.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Ellihlutasjóð sjómanna á Flateyri í Önundarfirði.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 400 — fjögur hundruð — króna framlagi frá sjómannadeginum á Flateyri 1942.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins, 400 — fjögur hundruð — krónur, hefur verið lagt til ávöxtunar í Sparisjóð Önfirðinga.

Aukning sjóðsins verður með vöxtum stofnfjár, sem jafnóðum leggjast við höfuðstól. Enn fremur væntanleg tillög sjómannadagsins árlega, gjafir og áheit stofnana, féлага eða einstaklinga, sem styrkja vilja sjóðinn.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá fyrst og fremst að styrkja gamla sjómenn á Flateyri, sem orðnir eru fyrir elli sakir eða vanheilsu ófærir til þess að stunda sjó eða aðra atvinnu sér til framfæris.

Heimilt er og, ef fé er fyrir hendi, að styrkja aðra sjómenn en gamalmenni, ef þeir hafa orðið fyrir slysum eða heilsubilun, sem veldur þeim atvinnutjóni, einnig er heimilt að styrkja ekkjur og börn sjómanna á Flateyri. Sá, sem styrk á að hljóta úr sjóðnum, verður að vera heimilismaður á Flateyri, og hafa verið það, að minnsta kosti tvö ár, er hann verður styrks úr sjóðnum aðnjótandi, þó er stjórn sjóðsins heimilt að vika frá þessu ákvæði ef alveg sérstaklega stendur á.

4. gr.

Sjóðurinn skal taka til starfa þegar hann er orðinn fullar 10000 — tíu þúsund — krónur. Má þá verja til styrkja $\frac{3}{4}$ — þrem fjórðu — hlutum af vöxtum og árstekjum sjóðsins, en jafnan skal leggja $\frac{1}{4}$ — einn fjórða — hluta vaxta og árstekna við höfuðstól, þar til sjóðurinn er orðinn fullar 200000 — tvö hundruð þúsund — krónur, en upp frá því skal úthluta til styrkja árlega $\frac{1}{10}$ — níu tíundu — hlutum ársvaxta og öllum árstekjum sjóðsins, en $\frac{1}{10}$ — einn tíundi — hluti vaxta skal ávallt leggjast við höfuðstól.

5. gr.

Sjómannadagsráð Flateyrar skipar stjórn sjóðsins. Stjórnin sér ávallt um að sjóðurinn sé ávaxtaður á tryggum stað.

Stjórn sjóðsins ræður styrkveitingum úr sjóðnum, samkv. 3. og 4. gr. skipulagsskrár þessarar.

Gjaldkeri sjómannadagsráðs annast reikningsskil sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Endurskoðendur reikninga sjóðsins skulu kosnir úr sjómannastétt utan sjómannadagsráðs. Endurskoðaðir reikningar sjóðsins skulu birtir árlega á samkomu sjómannadagsins, í heyranda hljóði, og vera til sýnis hverjum manni úr sjómannastétt, er þess óskar. Styrkveitingar úr sjóðnum skulu fara fram í desember ár hvert.

6. gr.

Þótt niður falli hátíðahöld sjómannadags á Flateyri, eitthvert ár, skal sjómannadagsráð það, sem starfandi er á hverjum tíma, boða til almenns fundar sjómanna á sjómannadaginn og kjósa sjómannadagsráð, sem þá er jafnframt stjórn sjóðsins, svo og endurskoðendur.

Á þeim fundi skulu lagðir fram endurskoðaðir reikningar sjóðsins, svo sem fyrir er mælt í 5. gr. skipulagsskrárinnar.

Leita skal löglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Flateyri, 20. febr. 1944.

Í sjómannadagsráði Flateyrar:

Guðm. V. Jóhannesson. Sveinn Gunnlaugsson. Kristján Sigurðsson.
Fr. Hafberg. Magnús G. Pétursson. Kolbeinn Guðmundsson.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Heilsuhællissjóð Náttúrulækningafélags Íslands“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. maí 1944. 77 22. maí

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir heilsuhællissjóð Náttúrulækningafélags Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Heilsuhællissjóður Náttúrulækningafélags Íslands.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Náttúrulækningafélagi Íslands (N. L. F. Í.) og er eign væntanlegs heilsuhællis, sem verði sjálfseignarstofnun.